

M-29/2018. Álit 22. nóvember 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. nóvember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-29/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. apríl 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, Z, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímamann gallaðan og krefst nýrrar afhendingar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt farsíma af gerðinni iPhone í Y, í júní árið 2017. Að sögn álitsbeiðanda fór hún með farsímamann á þjónustuverkstæði seljanda hér á landi þar sem henni var tjáð að átt hefði verið við farsímamann og því gæti seljandi ekki gert við farsímamann í ábyrgð. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa átt við símann að neinu leyti. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi henni nýjan farsíma í stað þessa farsíma, sem hún segir að sé nú ónýtur.

Hinn 26. október 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem frekari upplýsinga var krafist innan tveggja vikna, en þar kom fram að nauðsynlegt sé að kæruneftndin búi yfir upplýsingum um það hvaða amar að farsímanum til að unnt verði að komast að niðurstöðu í málinu. Ella verði málinu vísað frá.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson